

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/76/45

frá 2. mars 2006

um að útbúa spurningalista varðandi tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC)(*)

(tilkynnt með númeri C (2006) 598)

(2006/194/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Spurningalistinn, sem aðildarríkin skulu nota í því skyni að semja skýrslur um framkvæmd tilskipunar 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun, skal miðast við að sannreyna að gerð sé ítarleg grein fyrir beitingu aðildarríkjanna á helstu ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.
- 2) Í ljósi reynslu, sem fengist hefur af framkvæmd tilskipunar 96/91/EB og með notkun fyrri spurningalista sem settir voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB frá 31. maí 1999 um spurningalista varðandi tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE) ⁽²⁾, er þörf á að aðlaga spurningalistann fyrir tímabilið 2006–2008. Til glöggvunar skal önnur tilskipun koma í stað ákvörðunar 1999/391/EB.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE ⁽³⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Spurningalistinn er hér með tekinn upp, í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun sem fellur undir tilskipun 96/61/EB. Aðildarríkin skulu styðjast við spurningalistann við gerð skýrslunnar sem þeim ber að senda framkvæmdastjórninni skv. 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 96/61/EB og tekur til tímabilsins 1. janúar 2006 til 31. desember 2008.

2. gr.

Ákvörðun 1999/391/EB er hér með felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. mars 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 41.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtuð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 148, 15.6.1999, bls. 39. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2003/241/EB (Stjtuð. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 17).

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIDAUKI

1. HLUTI

SPURNINGALISTI UM FRAMKVÆMD TILSKIPUNAR 96/61/EB UM SAMÞÆTTAR MENGUNARVARNIR OG EFTIRLIT MEÐ MENGUN*Almennar athugasemdir:*

Þessi spurningalisti, sem er sá þriðji sem tengist tilskipun 96/61/EB, tekur til tímabilsins 2006–2008. Í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd tilskipunarinnar og upplýsingum, sem þegar hafa fengist með fyrsta spurningalistanum og öðrum spurningalistanum, mun í núverandi spurningalista verða lögð áhersla á breytingar og framfarir sem orðið hafa í aðildarríkjunum á raunverulegri framkvæmd tilskipunarinnar. Hvað varðar lögleiðingarhliðina mun framkvæmdastjórnin grípa til allra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að tryggja fullnægjandi og rétta framkvæmd við að leiða tilskipunina í landslög, einkum með vandlegri eftirfylgni málsmeðferðar vegna brota.

Ef spurningar eru áþekkar þeim sem komu fyrir í fyrri spurningalustum er einfaldlega hægt að vísa í fyrri svör ef ástandið er óbreytt en sá kostur er þó augljóslega ekki fyrir hendi að því er varðar þau aðildarríki þar sem um er að ræða fyrsta skýrslutímabil. Ef einhverjar breytingar hafa orðið ber að lýsa þeim í nýju svari. Vinsamlegast afritið fyrri svör þegar til þeirra er vísað á þennan hátt og ef því verður við komið svo að lesandinn geti svarað spurningum listans á fullnægjandi hátt. Við svörun á sérstökum spurningum spurningalistans, um almennar, bindandi reglur eða opinberar viðmiðunarreglur, sem stjórnsýslustofnanir hafa gefið út skal gera stuttlega grein fyrir upplýsingum varðandi það af hvaða toga reglurnar eða viðmiðunarreglurnar eru og gefa skal upp vefsíður eða aðrar leiðir til að nálgast þær, eftir því sem við á.

1. Almenn lýsing

- 1.1. Hafa mikilvægar breytingar verið gerðar á landslögum eða svæðisbundnum lögum og leyfisveitingakerfi/-kerfum til framkvæmdar tilskipun 96/61/EB frá síðasta skýrslutímabili (2001–2005)? Lýsið þessum breytingum ef svo er og ástæðunum fyrir þeim og tilgreinið tilvísanir í nýju löggjöfina.
- 1.2. Hafa aðildarríkin átt við einhvern vanda að etja við framkvæmd tilskipunar 96/61/EB sem tengist tiltækileika og hæfni starfsmannaauðsins Lýsið þessum vanda ef svo er, t.d. á viðeigandi hátt með gögnum um núverandi mannauð. Lýsið öllum áætlunum til að takast á við þennan vanda (t.d. með því að auka hæfni starfsfólks).

2. Fjöldi stöðva og leyfa (3. mgr. 2. gr., 4. mgr. 2. gr. og 4. gr.)

- 2.1. Veitið upplýsingar um fjölda nýrra stöðva og stöðva sem eru í rekstri, eins og skilgreint er í tilskipun 96/61/EB (starfsstöðvar sem varða samþættar mengunarnir og eftirlit með mengun) og fjölda leyfa eftir tegund starfsemi, með vísan til mátsins og athugasemdana sem mælt er fyrir um í 2. hluta.

3. Stöðvar í rekstri (5. gr.)

- 3.1. Lýsið öllum lagalegum, bindandi ráðstöfunum eða stjórnsýsluáætlunum sem hafa verið gerðar til að tryggja að þær kröfur, sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr., hafi verið uppfylltar eigi síðar en 30. október 2007. Hefur stjórnendum verið gert skylt að leggja fram umsóknir um leyfi eða geta lögbær yfirvöld farið fram á að stjórnendur leggi þær fram?

4. Umsóknir um leyfi (6. gr.)

- 4.1. Lýsið almennum, bindandi reglum, leiðbeiningaskjölum eða umsóknareyðublöðum sem hafa verið útbúin til að tryggja að umsókninni fylgi allar upplýsingar sem krafist er skv. 6. gr., annaðhvort almennt eða að því er varðar sérstök málefni (t.d. aðferðir til að meta umtalsverða losun frá stöðvum).

5. Samræming aðferða við leyfisveitingu og skilyrða fyrir henni (7. og 8. gr.)

- 5.1. Lýsið öllum skipulagsbreytingum sem hafa verið gerðar í tengslum við leyfisveitingu síðan á síðasta skýrslutímabili (stjórnunarstig, skipting valdssviðs o.s.frv.).
- 5.2. Er um að ræða sérstök vandkvæði við að tryggja fulla samræmingu aðferða við leyfisveitingu og skilyrða fyrir henni eins og krafist er í 7. gr., einkum ef um er að ræða fleiri en eitt lögbært yfirvald? Lýsið allri löggjöf og leiðbeiningum sem hafa verið sett fram/útbúin varðandi þetta efni.

- 5.3. Hvaða lagaákvæði, aðferðir og leiðbeiningar eru notuð til að tryggja að lögbær yfirvöld synji um leyfi í þeim tilvikum þar sem stöð uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 96/61/EB? Veitið upplýsingar um fjölda tilvika og aðstæður sem valda því að leyfi hefur verið synjað, ef þær eru tiltækar.
6. **Skilyrði fyrir leyfisveitingu viðeigandi og fullnægjandi (3. gr. (d-liður), 3. gr. (f-liður), 9. gr., 16. gr. (1. mgr.), 16. gr. (2. mgr.))**
- 6.1. Lýsið almennum, bindandi reglum eða sértækum viðmiðunarreglum sem gefnar hafa verið út til handa lögbærum yfirvöldum varðandi eftirtalin atriði:
- 1) aðferðir og viðmiðanir sem eru forsendur ákvörðunar viðmiðunarmarka fyrir losun og annarra skilyrða fyrir leyfisveitingu,
 - 2) almennar meginreglur til að ákvarða hvaða tækni er sú fullkonnasta sem völ er á,
 - 3) framkvæmd 4. mgr. 9. gr.
- 6.2. Málefni sem varða tilvísunarskjöl um fullkonnustu tækni sem völ er á (BREF) og komið var á skv. 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 96/61/EB.
- 1) Hvernig er almennt tekið tillit til upplýsinganna, sem framkvæmdastjórnin gefur út skv. 2. mgr. 16. gr., í heildina eða í sérstökum tilvikum, þegar tekin er ákvörðun um fullkonnustu tækni sem völ er á? Hvernig eru tilvísunarskjölin um fullkonnustu tækni sem völ er á notuð í reynd við að ákvarða skilyrði fyrir leyfisveitingu? Eru tilvísunarskjölin um fullkonnustu tækni sem völ er á (eða hluti þeirra) þýddur?
 - 2) Hversu nytsamlegar eru upplýsingarnar, sem framkvæmdastjórnin birtir skv. 2. mgr. 16. gr., við ákvörðun á viðmiðunarmörkum fyrir losun, tilsvarendi mæliþátum og tæknilegum ráðstöfunum sem grundvallast á fullkonnustu tækni sem völ er á? Hvernig er hægt að bæta þær?
- 6.3. Önnur atriði sem snerta skilyrði fyrir leyfisveitingu:
- 1) Hefur verið tekið tillit til umhverfisstjórnunarkerfa við að ákvarða skilyrði fyrir leyfisveitingu? Hvernig, ef svo er?
 - 2) Hvers konar skilyrði hafa verið sett fyrir leyfisveitingu eða til hvaða ráðstafana hefur almennt verið gripið vegna f-liðar 3. gr. (lagfæring á staðnum þegar rekstur hefur verið stöðvaður endanlega) og hvernig hefur þeim verið hrint í framkvæmd?
 - 3) Hvers konar skilyrði fyrir leyfisveitingu, sem tengjast orkunýtni, hafa yfirleitt verið sett (d-liður 3. gr.)? Hvernig hefur sá kostur, sem settur er fram í 3. mgr. 9. gr., að láta hjá líða að setja kröfur sem tengjast orkunýtni, verið notaður?
7. **Fyrirliggjandi, lýsandi gögn (1. mgr. 16. gr.)**
- 7.1. Leggið fram fyrirliggjandi, lýsandi gögn um viðmiðunarmörk og vistvænleika, sem mælt er fyrir um eftir mismunandi flokkum starfsemi í samræmi við I. viðauka við tilskipun 96/61/EB og, ef við á, tilgreinið fullkonnustu tækni sem völ er á og þessi mörk eru byggð á. Lýsið því hvernig þessi gögn voru valin og þeirra var aflað. Framkvæmdastjórnin gerir tillögur að leiðbeiningum, áður en skýrslugögnin hefst eða meðan á því stendur, um það hvernig svara skuli þessari spurningu með áherslu á tvö tiltekin svið: Skýrslugögnin (varðandi viðmiðunarmörk fyrir losun og vistvænleika) verða metin til að bera saman eftir fongum þau viðmiðunarmörk sem eru sett og þann árangur sem næst. Síðan má gera samanburð við viðmiðunargildin sem tengjast fullkonnustu tækni sem völ er á í tilvísunarskjölunum um fullkonnustu tækni (BREF).
8. **Almennar, bindandi reglur (8. mgr. 9. gr.)**
- 8.1. Fyrir hvaða flokka stöðva og fyrir hvaða kröfur, ef um það er að ræða, hafa verið settar almennar, bindandi reglur eins og kveðið er á um í 8. mgr. 9. gr.? Tilgreinið tilvísanir í þessar almennu, bindandi reglur. Með hvaða sniði eru þessar reglur (t.d. hver setur þær og hvaða lagalegt gildi hafa þær)? Er unnt að taka tillit til staðbundinna þátta (sem um getur í 4. mgr. 9. gr.) þegar slíkum reglum er beitt?
- 8.2. Hversu margar stöðvar (annaðhvort fjöldi þeirra í reynd eða hundraðshluti), liggi þær upplýsingar fyrir, féllu undir þessar reglur við lok skýrslugjafartímabilsins?
9. **Umhverfsgæðakröfur (10. gr.)**
- 9.1. Hafa komið upp tilvik þar sem 10. gr. gildir og notkun fullkonnustu tækni sem völ er á nægir ekki til að uppfylla umhverfsgæðastaðal sem settur er fram í löggjöf Bandalagsins (eins og skilgreint er í 7. mgr. 2. gr.)? Gefið dæmi um slík tilvik og viðbótarráðstafanir sem gerðar hafa verið ef svo er.

10. **Þróun fullkonnustu tækni sem völ er á (11. gr.)**
- 10.1. Hafa einhverjar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja, í samræmi við 11. gr., að lögbær yfirvöld fylgist með eða fái upplýsingar um þróun fullkonnustu tækni sem völ er á? Látið í té upplýsingar ef svo er. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar til að uppfylla þessa kröfu, ef svo er ekki?
11. **Breytingar á stöðvum (12. gr. og 10. mgr. 2. gr.)**
- 11.1. Hvernig ákveða lögbær yfirvöld í raun, skv. 12. gr., hvort breyting á starfsemi kunni að hafa afleiðingar fyrir umhverfið (a-liður 10. mgr. 2. gr.) og hvort slík breyting sé „umtalsverð breyting“ sem kann að hafa umtalsverð, neikvæð áhrif á menn eða á umhverfið (b-liður 10. mgr. 2. gr.)? Tilgreinið tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, leiðbeiningar eða aðferðir.
- 11.2. Hversu margar umsóknir varðandi „veigamiklar breytingar“ voru afgreiddar meðan á skýrslutímabilinu stóð? Leggið fram gögn eftir tegund starfsemi með vísan til mátsins og athugasemdanna sem mælt er fyrir um í 2. hluta.
12. **Endurmat á skilyrðum fyrir leyfisveitingu og uppfærsla á þeim (13. gr.)**
- 12.1. Er tilgreint í landslögum eða svæðisbundnum lögum hve oft skuli endurmeta og, ef þörf krefur, uppfæra skilyrði fyrir leyfisveitingu (13. gr.) eða er það ákveðið með öðrum hætti, s.s. með tímamörkum í leyfum? Með hvaða hætti er það gert ef svo er? Tilgreinið tilvísun í viðeigandi löggjöf, leiðbeiningar eða aðferðir.
- 12.2. Hversu oft eru skilyrði fyrir leyfisveitingu endurmetin (rauntala eða væntanleg dæmigerð tala)? Tilgreinið upplýsingar til skýringar, liggi þær fyrir, í þeim tilvikum þar sem munur er milli stöðva eða geira.
- 12.3. Á hverju byggist ferlið við að endurmeta og uppfæra skilyrði fyrir leyfum? Hvernig er ákveðum um endurmat skilyrða fyrir veitingu leyfa framfylgt þegar um er að ræða umtalsverðar breytingar á fullkonnustu tækni sem völ er á? Tilgreinið tilvísun í viðeigandi löggjöf, leiðbeiningar eða aðferðir.
13. **Samræmi við skilyrði fyrir leyfisveitingu (14. gr.)**
- 13.1. Hvernig er krafan í 14. gr. um að stjórnendur tilkynni yfirvöldum reglulega um niðurstöður vöktunar á losun uppfyllt í reynd? Tilgreinið tilvísun í sérákvæði í lögum, verklagsreglur eða leiðbeiningar fyrir lögbær yfirvöld varðandi þetta málefni. Leggja stjórnendur reglulega fram skýrslu um vöktun? Veitið upplýsingar um það hversu oft að jafnaði slíkar upplýsingar eru lagðar fram. Veitið upplýsingar í þeim tilvikum þar sem munur er milli geira, liggi þær fyrir.
- 13.2. Veitið lýsandi upplýsingar að því er varðar stöðvar sem falla undir gildissvið tilskipunar 96/61/EB hvað varðar eftirfarandi atriði að því marki sem unnt er og að því tilskildu að upplýsingarnar komi ekki fram við skýrslugjöf samkvæmt tilmælunum þar sem kveðið er á um lágmarksviðmiðanir um umhverfiseftirlit í aðildarríkjunum:
- framkvæmd skoðana á vettvangi og taka sýna (gerð, fjöldi, tíðni),
 - tegund og fjöldi aðgerða (t.d. viðurlög eða aðrar ráðstafanir) sem gripið hefur verið til í kjölfar slysa eða óhappa og ef skilyrðum fyrir leyfisveitingu er ekki fullnægt.
14. **Upplýsingar og þátttaka almennings (15. gr. og 15. gr. a)**
- 14.1. Hvaða mikilvægu breytingar, ef einhverjar eru, hafa orðið varðandi innleiðingu laga þar sem kveðið er á um upplýsingar og þátttöku almennings í málsmeðferð við leyfisveitingar, eins og krafa er gerð um í tilskipun 96/61/EB (15. gr. og 15. gr. a) eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins ⁽¹⁾ 2003/35/EB, síðan á síðasta skýrslutímabili? Hvaða áhrif hafa breyttar kröfur haft á lögbær yfirvöld, leyfisumsækjendur og almenning sem málið varðar?
15. **Samvinna yfir landamæri (17. gr.)**
- 15.1. Hafa komið upp tilvik á skýrslugjafartímabilinu þar sem kröfum 17. gr. að því er varðar upplýsingar og samvinnu yfir landamæri var beitt? Leggið fram dæmi til skýringar á aðferðum sem voru almennt viðhafðar.

(¹) Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17.

16. Tengsl við aðra lagagerninga Bandalagsins

- 16.1. Hvernig meta aðildarríkin almennt árangur af beitingu tilskipunar 96/61/EB, m.a. samanborið við aðra lagagerninga Bandalagsins á sviði umhverfismála? Hver hefur áætlaður ávinningur fyrir umhverfið og kostnaður við að hrinda tilskipun 96/61/EB í framkvæmd verið (þ.m.t. umsýslukostnaður og kostnaður við að fara að ákvæðum hennar) samkvæmt viðeigandi rannsóknnum og greiningu ef um þær er að ræða? Tilgreinið tilvísanir í þessar rannsóknir og greiningar.
- 16.2. Hver er fengin reynsla varðandi tengslin milli krafna sem gerðar eru vegna leyfisveitinga samkvæmt tilskipun 96/61/EB og annarra gerninga Bandalagsins sem geta gilt um stöðvar sem falla undir gildissvið tilskipunar 96/61/EB? Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið samkvæmt landslögum eða svæðisbundnum lögum eða til hvaða stjórnvaldsráðstafana hefur verið gripið til að auka samfellu milli framkvæmdar á tilskipun 96/61/EB og framkvæmdar á öðrum gerningum? Aðrir lagagerningar Bandalagsins, sem geta átt við að því er varðar þessa spurningu, eru t.d.:
- tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ⁽¹⁾,
 - tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ⁽²⁾,
 - tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ⁽³⁾,
 - tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ⁽⁴⁾,
 - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ⁽⁵⁾,
 - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ⁽⁶⁾,
 - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinnna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið ⁽⁷⁾,
 - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ⁽⁸⁾,
 - reglugerð (EB) nr. 166/2006.
- 16.3. Hafa ráðstafanir verið kynntar á lands- eða svæðisbundnum vettvangi til að einfalda þá skýrslugerð sem lögbær yfirvöld krefja stjórnendur um samkvæmt tilskipun 96/61/EB og öðrum lagagerningum Bandalagsins? Tilgreina ber tilvísun til slíkra ráðstafana, liggja þær fyrir, og allra kosta sem eru tiltækir varðandi umbætur á kröfum ESB á þessu sviði.
- 17. Almennar athugasemdir**
- 17.1. eru sérstök atriði varðandi framkvæmdina sem gefa tilefni til áhyggna í aðildarríki ykkar? Tilgreinið þau ef svo er.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjútíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

Tafla 2

	Samanlagt (sjá 9. athugasemd)
Heildarfjöldi leyfa sem bíða afgreiðslu sem talið er að stangist ekki á við ákvæði tilskipunarinnar (Tafla 1, dálkar 2 + 4 + 5 + 6)	
Heildarfjöldi leyfa sem bíða afgreiðslu (ef um þau er að ræða) við lok árs 2008 (og stangast á við tilskipunina) (Tafla 1, dálkur 7)	

Athugasemdir:

Almenn athugasemd: Þetta mál er til að afla gagna um fjölda „stöðva“ eins og þær eru skilgreindar í 3. mgr. 2. gr. og „leyfa“ eins og þau eru skilgreind í 9. mgr. 2. gr. Fjöldi stöðva og fjöldi leyfa verður ekki endilega sá sami vegna þess að skv. 9. mgr. 2. gr. getur leyfi tekið til hluta stöðvar, heillar stöðvar eða fleiri en einnar stöðvar. Frekari leiðbeiningar og útskýringar í tengslum við gögnin, sem beðið er um í töflum 1 og 2, er að finna í 1.–9. athugasemd hér á eftir. Aðildarríkin eru beðin um að fylla töflu 1 út eftir föngum. Aðildarríkin geta einnig kosið að veita frekari upplýsingar (t.d. varðandi lagfæringu staðar) ef nauðsynlegt þykir til að styðja og útskýra gögnin í töflum 1 og 2. Fjöldi leyfa skal ná yfir öll leyfi sem eru gefin út eftir dagsetningu lögleiðingar tilskipunar 96/61/EB (30. október 1999) fyrir stöðvar sem enn eru í rekstri við lok árs 2008.

1. Fyrir alla dálkana sem númeraðir eru 1–10 er mál í töflu 1 til að afla gagna sem byggjast á helstu starfsemi stöðvar skv. I. viðauka. Verði því við komið skal leggja upplýsingarnar fram eftir undirliðum I. viðauka (lið 1.1, a-lið liðar 2.3, b-lið liðar 6.4 o.s.frv.). Í dálkinum til vinstri eru því tilgreind viðeigandi númer undirliða í I. viðauka og knöpp samantekt á samsvarandi lýsingu á starfsemi (sjá nákvæma lýsingu, þ.m.t. viðmiðunarmörk, í I. viðauka við tilskipun 96/61/EB). Við útfyllingu á töflu 1 skal gæta þess að telja ekki sömu stöðina eða leyfið oftar en einu sinni, jafnvel þótt starfsemin sé margþætt. Ef starfsemi stöðvar eða leyfi nær yfir tvo eða fleiri flokka í I. viðauka skal aðeins skrá hana undir einn flokk I. viðauka (þ.e. þann sem lýsir stöðinni eða leyfinu best).
2. Í 1. og 3. dálki er beðið um einfalda talningu á fjölda nýrra stöðva annars vegar og stöðva í rekstri hins vegar, sem voru í rekstri við lok skýrslugjafartímabilsins, vegna hvernar tegundar helstu starfsemi skv. I. viðauka. „Stöðvar í rekstri“ eru þær stöðvar sem falla undir skilgreininguna í 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 96/61/EB og „nýjar stöðvar“ eru allar aðrar stöðvar. Í 8. dálki er því sýnd summa talnanna í dálkum 1 og 3.
3. Í 2. dálki er farið fram á gögn um fjölda leyfa sem úthlutað hefur verið til nýrra stöðva, í samræmi við 4. gr., við lok skýrslutímabilsins. Eins og fram kemur í almennu athugasemdinni hér að framan þarf fjöldinn ekki að vera sá sami og fjöldi stöðva, jafnvel þótt allar nýjar stöðvar hafi fengið fullnaðarleyfi.
4. Í 4.-6. dálki er rakið á hvern hátt er unnt að veita leyfi til handa stöðvum í rekstri sem teljast samrýmast ákvæðum tilskipunar 96/61/EB. Það getur verið á eftirfarandi hátt:
 - a) veiting leyfis í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. og 8. gr. Í 4. dálki er vísað til slíks leyfis sem nýs leyfis. Tölurnar taka til allra slíkra nýrra leyfa sem veitt hafa verið í kjölfar fyrirhugaðra „umtalsverðra breytinga“.
 - b) Í stað þess að beita málsmeðferðinni í 6. og 8. gr. getur lögbært yfirvald, skv. 1. mgr. 5. gr., fullvissað sig um að stöðvar í rekstri uppfylli skilyrðin „með því að endurmeta og, þar sem nauðsyn krefur, uppfæra“ þau skilyrði sem stöðvarnar þurftu þegar að uppfylla, t.d. samkvæmt því sem nefna má leyfi sem veitt voru áður en samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun komu til framkvæmdar (pre-IPPC permit) (þ.e. leyfi sem gefin voru út samkvæmt löggjöf sem gilti fyrir framkvæmd tilskipunar 96/61/EB). Í 5. dálki er farið fram á að gögn um þau tilvik þar sem skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem veitt voru áður en samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun komu til framkvæmdar, voru endurmetin en engin uppfærsla átti sér stað vegna þess að talið var að skilyrðin væru þegar í samræmi við kröfur tilskipunar 96/61/EB.

- c) Í 6. dálki er á sama hátt farið fram á gögn um þau tilvik þar sem skilyrði fyrir leyfum, sem veitt voru áður en samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun komu til framkvæmdar, voru endurmetin og skilyrðum var síðan breytt til samræmis við ákvæði tilskipunar 96/61/EB. Undir þetta falla öll slík leyfi þar sem endurmat og uppfærsla fór fram í kjölfar fyrirhugaðra „umtalsverðra breytinga“.
5. Í 7. dálki er farið fram á gögn um öll leyfi fyrir stöðvar í rekstri, sem höfðu ekki verið gefin út eða endurmetin og uppfærð þar sem það á við, í lok skýrslutímabilsins, þar eð þær stangast á við kröfurnar í 1. mgr. 5. gr. Aðildarríkin eru beðin um að lýsa því hvernig slík leyfi, sem bíða afgreiðslu, eru meðhöndluð.
6. Í 9. dálki er farið fram á gögn um fjölda umsókna um leyfi (eða umsókna um uppfærslu leyfa) sem afgreiddar voru á skýrslutímabilinu og varða stöðvar í rekstri eða nýjar stöðvar þar sem stjórnendur hafa lagt til „umtalsverðar breytingar“ í samræmi við skilgreininguna í b-lið 10. mgr. 2. gr. Undir þetta falla umtalsverðar breytingar á stöðvum sem viðurkennt hefur verið að uppfylli ákvæði tilskipunar 96/61/EB.
7. Í 10. dálki er farið fram á gögn varðandi öll leyfi fyrir stöðvar í rekstri, sem enn höfðu ekki verið gefin út eða endurmetin og uppfærð, eftir því sem við á, í lok október 2007, þar eð þær stangast á við kröfurnar í 1. mgr. 5. gr. Aðildarríkin eru beðin um að lýsa því hvernig slík leyfi, sem bíða afgreiðslu, eru meðhöndluð.
8. Þótt þess sé almennt farið á leit við aðildarríkin að þau gefi skýrslu eftir helstu tegundum starfseminnar, sem taldar eru upp/tilgreindar eru í töflu 1 eftir því sem við verður komið, skal viðurkennt að efnageirinn er sérstaklega flókinn í þessu tilliti og fleiri en ein tegund starfsemi fer fram í mörgum efnaverksmiðjum eins og skilgreint er í undirlíðum 4. liðar. Aðildarríkin eru því beðin um að gefa skýrslu eftir undirlíðunum ef gögnin liggja fyrir en tilgreina að öðrum kosti einungis summuna fyrir 4. lið (þ.e. engar tölur fyrir einstaka undirlíði).
9. Markmiðið með töflu 2 er að upplýsa um heildarfjölda leyfa sem teljast vera í samræmi við tilskipunina eða bíða afgreiðslu við lok skýrslutímabilsins. Fyrsta línan sýnir summuna fyrir 2., 4., 5. og 6. dalk í töflu 1. Önnur línan sýnir summuna fyrir 7. dalk í töflu 1.
-